

## REGLUGERÐ

### um veðmálastarfsemi Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík.

#### 1. gr.

Hestamannafélaginu Fáki í Reykjavík er heimilt að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, er fram fara á vegum félagsins.

#### 2. gr.

Veðmálastarfsemin fer fram þannig að veðjað er um, hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

#### 3. gr.

Veðfjárupphæðin má nema allt að kr. 5.000 og greiðist veðmálastofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

#### 4. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 60% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um á þann hest, sem vinnur.
- b. Afganginum (40%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvega Reykjavíkinga. Tillagið til reiðvega má aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

#### 5. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar greiddir út þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

#### 6. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað, og kemur af þeim eða öðrum ástæðum ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

#### 7. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

#### 8. gr.

Vinningar greiðast í heilum tugum króna, þannig að vinningur hækki eða lækki í heilan tug samkvæmt almennum reglum. Ekki er ábyrgt að innskot fáiast að fullu aftur.

#### 9. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t.d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi hans er dæmdur úr leik o. s. frv.

#### 10. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir að mótinu lýkur, og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum.

11. gr.

Óheimilt er að leyfa unglíngum innan 16 ára að veðja.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 30. janúar 1945, öðlast þegar gildi og gildir til 5 ára.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. júní 1995.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

---

*Jón Thors.*

## REGLUGERÐ

### um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árunum 1995 og 1996 skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl og 1. september til 30. nóvember, hvors árs fyrir sig. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst, er dregin frá kr. 80.000.- miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímann. Viðmiðunarupphæðin lækkar í hlutfalli við bótahlutfall og fjölda bótadaga á tímabilinu. Uppbótin verður helmingur þannig fenginnar niðurstöðu.

Uppbót greiðist aðeins þeim sem við lok viðmiðunartímabils hafa notið bóta í 87 bótadaga eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

Uppbótin greiðist í júní og desember.

3. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá um uppbót fyrir hvern bótadag samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í II. ákvæði til bráðabirgða, laga nr. 45/1995, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1995.*

**Páll Pétursson.**

---

*Anna G. Björnsdóttir.*